

**Bjorn Thorvaldsson**

Alþingi  
Erindi nr. Þ 125/392 ✓  
komudagur 7.12.1999

**From:** Helena Hilmarsdóttir [helena@vi.is]  
**Sent:** 7. desember 1999 12:14  
**To:** bthor@althingi.is  
**Subject:** Samþykki frumvarps um sölu á hlut ríkisins í Landsbanka og Búnaðarbanka

Síðasti möguleiki til þess að samþykkja ofanefnt frumvarp ræðst fyrst og fremst af mögulegri framkvæmd útboðsins á vegum bankanna. Til þess að kaupendur hlutabréfa geti nýtt sér skattaafslátt vegna kaupanna þarf að vera búið að senda þeim gíróseðla fyrir áramót og stafesta þannig fjárhæðina sem kemur í hlut hvers og eins. Reikna má með að það taki bankana nokkra daga eftir að sölutímabil endar að ljúka þessum frágangi, þ.e. taka saman áskriftir, reikna út skerðingu ef til hennar kemur og prenta og senda gíróseðla. Útboðslýsingu þarf að birta og láta liggja frammi til kynningar fjórum dögum áður en sala getur hafist. Ef það yrði gert áður en samþykki liggur fyrir yrði það að gerast með fyrirvara um samþykki Alþingis. Eftir samþykki Alþingis þyrfti þá að vekja athygli á því sérstaklega og 1. söludegi. Sú auglýsing gæti ekki birst fyrr en daginn eftir samþykki og daginn þar á eftir mætti hefja söluna. Lágmarkslengd sölutímabils getur Verðbréfaþing ekki sagt til um að öðru leyti en því að ekki er gerð krafa um lágmark í því sambandi, heldur ræðst það af mögulegri framkvæmd áskriftarsöfnunar.

Virðingarfyllst,

Helena Hilmarsdóttir  
Verðbréfaþing Íslands hf.  
Aðildar- og skráningarsvið  
Sími: 525 2862  
netfang: helena@vi.is